

eintak handa dómnum og afrit handa hverjum sakborninga eða lögmönnum þeirra.

Krafa ríkissaksóknara verður samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eigi tekin til greina.

**Úrskurðarorð:**

Framangreind krafa ríkissaksóknara um dómsrannsókn verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 30. október 1978.

Nr. 67/1976.

**Ásgeir Einarsson**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

**Gunnbirni Jónssyni**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Skuldamál. Fyrning.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Afrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. mars 1976. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 80.249 krónur með 7% ársvöxtum frá 3. maí 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Enginn ágreiningur er um það, að stefnda var ljóst, þegar hann gerði kaupsamninginn um m/s Emmu, GK 279, þann 7. september 1961, að veðskuldabréf samkvæmt 2. tl. samningsins höfðu þá ekki enn verið gefin út, en útgáfa þeirra var

seljendum heimil samkvæmt sammingsákvæði þessu. Bar áfrýjandi fullá ábyrgð á greiðslu skuldabréfanna.

Stefndi tók að sér gagnvart seljendum að greiða framan- greindar veðskuldir, og var það þáttur í greiðslu hans á kaup- verði m/s Emmu. Stefndi stóð ekki við þá skuldbindingu, en áfrýjandi greiddi þau veðskuldabréf, sem út voru gefin, að fjárhæð 52.550 krónur, ásamt vöxtum og kostnaði, hinn 3. maí 1971. Var krafan á hendur honum samkvæmt skulda- bréfunum þá enn í gildi. Fyrningarfrestur endurgjaldskröfu áfrýjanda vegna þeirrar greiðslu hófst ekki fyrr en nefndan dag, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Var hún ekki fallin niður fyrir fyrningu, er stefnda var birt stefna í málinu, sbr. 1. tl. 3. gr. sömu laga. Og þar sem engin andmæli hafa verið höfð uppi um fjárhæð dómkröfunnar tölulega eða um vaxta- kröfuna, verða kröfur áfrýjanda teknar að öllu leyti til greina.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 140.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnbjörn Jónsson, greiði áfrýjanda, Ásgeiri Einarssyni, 80.249 krónur með 7% ársvöxtum frá 3. maí 1971 til greiðsludags og samtals 140.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 6. þ. m., hefur Ásgeir Einarsson, Hvassaleiti 151 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri þann 13. apríl 1972, á hendur Gunnbirni Jónssyni, Holtsgötu 41 B hér í borg, til greiðslu á kr. 80.249 með 7% ársvöxtum frá 3. maí 1971 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. þann 7. september 1961, festi stefndi

kaup á m/s Emmu, GK 279. Samkvæmt meginmáli kaupsamningsins voru seljendur Pétur R. Enoksson, Rúnar Finnbogason og stefnandi máls þessa. Undirrituðu stefnandi og Rúnar kaupsamninginn svo og Rúnar fyrir hönd Péturs. Umsamið heildar kaupverð bátsins og fylgifjár var kr. 505.000. Samkvæmt 2. tl. kaupsamningsins tók stefndi að sér að greiða skuld við handhafa að fjárhæð kr. 62.550, tryggða með 2. veðrétti í bátnum, og er í þessu ákvæði kaupsamningsins gert ráð fyrir þremur veðbréfum með samhliða veðrétti. Í kaupsamningnum eru þessi nánari ákvæði um veðskuldabréf þessi: „Veðskuldabréfin undir lið 2) hér að framan eru 2 að upphæð hvort kr. 10.000.00. Greiðist það fyrra 22. okt. 1961, hið síðara 22. okt. 1962. Þriðja bréfið verður að upphæð kr. 42.550.00 og greiðist 22. okt. 1963. Vextir af bréfunum greiðast einu sinni á ári, hinn 22. október ár hvert, eftir á, og skulu vextir vera 9%.“ Þann 30. apríl 1962 gáfu stefnandi og Rúnar Finnbogason stefnda afsal fyrir bátnum, þar sem lýst er í afsalinu, hvernig stefndi hafi staðið seljendum skil á kaupverðinu. Segir svo í 2. tl.: „Kaupandi hefur tekið að sér að greiða skuld við handhafa, tryggðri með 2. samhliða veðr. í bátnum skv. veðbréfi dags. í dag kr. 10.000.00 og skuld við handhafa tryggðri með 2. samhliða veðr. í bátnum skv. veðbréfi dags. í dag kr. 42.500.00 (sic)“. Er fram komið af hálfu stefnanda, að fjárhæð hins 10.000 króna veðskuldabréfsins, sem stefndi átti að taka að sér að greiða samkvæmt 2. tl. kaupsamningsins, hafi hann greitt með öðrum hætti og falli sú greiðsla undir ákvæði 5. tl. afsalsins, sem hljóðar svo: „Kaupandi hefur á annan hátt staðið okkur skil á kaupverðinu.“

Sama dag og afsalið var gefið út gáfu stefnandi og Rúnar Finnbogason út tvö veðskuldabréf til handhafa, er tryggð voru með 2. samhliða veðrétti í m/b Emmu, GK 279. Var annað veðskuldabréfið að fjárhæð kr. 10.000, og skyldi það greiðast í síðasta lagi 22. október 1962, en fjárhæð hins var kr. 42.550, og skyldi það greiðast 22. október 1963. Ekki ritaði stefndi nafn sitt á veðskuldabréf þessi, og ekki er hans að neinu getið í meginmáli þeirra.

Með kaupsamningi, dags. 15. júní 1962, seldi stefndi þeim Sigurgarði Sturlusyni og Hákonu Sturlusyni m/b Emmu. Samkvæmt ákvæði kaupsamnings og afsals, sem gefið var út 20. september 1962, tóku þeir Sigurgarður og Hákon meðal annars að sér veðskuldir þær að fjárhæð kr. 52.550, sem stefndi hafði tekið að sér að greiða við kaup hans á bátnum. Hinn 19. september 1967 var

haldið nauðungaruppboð til sölu á bátnum að kröfu haldsréttarhafa. Átti uppboðsbeiðandi lokaboð í bátinn, sem var síðan lagður út uppboðsbeiðanda sem ófullnægðum haldsréttarhafa þann 6. október 1967.

Samkvæmt yfirlýsingu Siglingamálastofnunar ríkisins kemur fram, að hinn 6. janúar 1968 var báturinn brenndur og tekinn af skipaskrá.

**Þann 24. mars 1971 var stefnandi krafinn um greiðslu framan- greindra tveggja veðskuldabréfa að fjárhæð kr. 52.550 ásamt vöxtum og kostnaði, samtals kr. 80.249. Þann 3. maí 1971 greiddi hann fjárhæðina. Höfðaði hann síðan mál þetta til heimtu fjárhæðarinnar úr hendi stefnda.**

Ásgeir Einarsson, stefnandi málsins, hefur skýrt svo frá, að hann, Pétur Enoksson og Rúnar Finnbogason hafi á sínum tíma staðið að því að kaupa saman m/b Emmu. Þeir Pétur og Rúnar hafi þó aldrei greitt neitt af kaupverðinu, heldur hafi hann einn orðið að gera það. Þeir Pétur og Rúnar hafi eitthvað unnið við bátinn í sambandi við útgerð hans, en það hafi þeir fengið greitt af aflahlut bátsins. Hins vegar hafi hann sjálfur ekki fengið neitt af aflahlut bátsins. Hann kveður þá þremmenninga nú hafa selt Gunnbirni Jónssyni bátinn samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. september 1971. Pétur hafi flust til Ástralíu á þessum tíma, en Rúnar Finnbogason hafi skrifað undir samninginn fyrir hans hönd. Stefnandi kveður kröfu sína í máli þessu byggða á 2. lið kaupsamningsins. Hann kveður þannig hafa staðið á útgáfu skuldabréfanna samkvæmt þessum lið kaupsamningsins, að þeir seljendurnir hafi verið að ganga frá lausaskuldum, sem hvíldu á bátnum, og hafi það verið gert á tímabilinu frá því að kaupsamningurinn var gerður og þar til afsal var gert. Veðskuldabréfin hafi runnið til Hreins Svavarssonar, sem hafi verið fyrri eigandi bátsins. Þau hafi síðan legið í Útvegsbanka Íslands sem eign Sveins. Síðan hafi lögmaður hér í borg fengið bréfin til innheimtu og hafi hann kafið sig, þ. e. stefnanda, um greiðslu. Kveðst hann hafa greitt kröfuna með peningum og með víxlum, en síðan hafi hann greitt víxlana, er þeir féllu. Stefnandi kveður lögmann sinn hafa talið, að sér bæri að ganga frá þessu máli, og kveðst hann hafa gert það, eins og hann hefur rakið. Stefnandi kveður sér hafa verið kunnugt um það, að eigendaskipti urðu á bátnum eftir að þeir félagarnir seldu stefnda hann, en hann kveðst ekki muna nákvæmlega, hvenær þetta var. Hann kveðst ekki hafa haft uppi

nein mótmæli við stefnda út af því, að hann seldi bátinn. Hann kveðst hafa litið svo á, að hann hefði gert samning við stefnda og að stefndi yrði að standa ábyrgur fyrir því, sem þar hefði verið samið um. Stefndandi kveðst hafa reiknað með því, að greitt væri inn á bréfin, en kveðst ekki hafa fylgst með því og kveðst ekki hafa vitað, þegar báturinn brann.

Vitnið Rúnar Ingi Finnbogason hefur skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma verið eigandi m/b Emmu, GK 279, ásamt stefnanda, en þeir hafi selt Gunnbirni Jónssyni bátinn. Hann kveður Pétur R. Enoksson einnig hafa verið eiganda að bátnum, en hann hafi farið til Ástralíu og kveðst ekki vita til, að hann sé kominn aftur. Rúnar kveður það hafa verið í samráði við föður Péturs, að hann hafi skrifað fyrir hönd Péturs undir kaupsamninginn. Rúnar kveðst nú ekki muna, hver atvik voru að útgáfu veðskulda-bréfanna samkvæmt 2. lið í kaupsamningnum. Hann hafi spurt stefnanda að því, hvernig skuldunum samkvæmt skuldabréfunum hefði reitt af, og hafi stefndandi greitt allt, sem þurfti að greiða af bréfunum, og séð um allar fjárreiður. Kveður Rúnar stefnanda hljóta að eiga veðskulda-bréfin.

Í greinargerð stefnanda er krafa hans studd þeim rökum, að stefndi hafi sem kaupandi m/b Emmu tekið að sér að greiða fjárhæðir veðskulda-bréfanna tveggja samkvæmt kaupsamningi og afsali. Það hafi stefndi ekki gert, heldur hafi stefndandi orðið að greiða fjárhæðir þeirra ásamt vöxtum og kostnaði. Hafi hann því fulla heimild til að krefja stefnda um fjárhæð þá, sem hann varð að greiða af þessu tilefni, enda sé sú krafa á hendur stefnda ekki fyrnd, þar sem fyrningarfrestur hennar hafi fyrst hafist við útgáfudag veðskulda-bréfanna, þ. e. 30. apríl 1962.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að fyrningarfrestur kröfunnar hafi fyrst hafist, er stefndandi hafði leyst til sín veðskulda-bréfin þann 3. maí 1971, sbr. 4. gr., sbr. 5. gr. fyrningarlaga nr. 15/1904 (sic), enda beri að líta svo á, að stefndi hafi með ákvæðum kaupsamningsins tekið á sig að gerast aðalskuldari þeirra. Verði ekki fallist á þetta, megi beita síðari málslið 4. tl. 3. gr. fyrningarlaga, enda megi telja stefnda aðalskuldara veðskulda-bréfanna samkvæmt lögjöfnun og sé þá fyrningarfrestur 4 ár frá 3. maí 1971 að telja. Þá var því haldið fram til vara, að líta megi á kröfu stefnanda sem kröfu samkvæmt veðskulda-bréfum með gjalddögum 22. október 1962 og 22. október

1963. Var því jafnframt mótmælt, að fyrningarfrestur verði talinn frá dagsetningu kaupsamnings.

Sýknukrafa stefnda er í greinargerð byggð á því, að stefndi sé ekki útgefandi greindra veðskuldabréfa og því verði krafa stefnanda ekki byggð á því. Þá er því haldið fram, að er m/b Emma var seld á nauðungaruppboði 19. september 1967, hafi handhafar veðskuldabréfanna ekki gætt réttar síns og því geti stefnandi ekki átt neina kröfu á hendur stefnda. Er því og haldið fram, að krafa stefnanda sé fyrnd, þar sem meira en 10 ár hafi líðið frá því kaupsamningur var undirritaður og þar til stefna í máli þessu var gefin út.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að krafa stefnanda væri krafa vegna kaupa á lausafé og fyrntist slík krafa á 4 árum. Fyrningarfrestur þess hluta kröfu stefnanda, sem risinn væri af 10.000 króna veðskuldabréfinu, hafi byrjað að líða 22. október 1963, en fyrningarfrestur þess hluta, sem risinn væri af hinu veðskuldabréfinu, hafi byrjað að líða 22. október 1963. Þá var því og haldið fram, að fjögurra ára fyrningarfrestur hafi í síðasta lagi byrjað að líða, þegar úthlutun uppboðsandvirðis fór fram 6. október 1967. Þá var því að lokum haldið fram, að ef svo verði litið á, að krafa stefnanda sé endurgjaldskrafa, þá hafi fyrningarfrestur kröfunnar byrjað að líða 6. október 1967 eða í síðasta lagi 1. mars 1968, en þá hafi stefnandi verið krafinn um greiðslu eftirstöðva veðskuldabréfs að fjárhæð kr. 110.000, sem stefndi hafi gefið út við kaupin.

Af hálfu stefnda hefur verið á það bent, að aðild stefnanda að máli þessu sé óljós eða röng, þar sem hann hafi verið einn af þremur seljendum m/b Emmu. Þá sé einnig á það að líta, að útgefendur veðskuldabréfa þeirra, sem stefnandi vilji byggja kröfu sína á, séu tveir og samkvæmt veðskuldabréfunum ábyrgist þeir ekki greiðslu þeirra báðir fyrir annan og annar fyrir báða. Því beri þeir hvor fyrir sig aðeins ábyrgð á greiðslu helmings fjárhæðar hvors veðskuldabréfs. Því geti aldrei orðið um það að ræða, að stefnda verði gert að greiða nema helming hinnar umstefndu fjárhæðar, þar sem aðeins annar skuldari bréfanna höfði mál þetta.

Við kaup sín á m/b Emmu hafði stefnandi lofað seljendum að greiða hluta kaupverðs bátsins með því að greiða skuld samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, svo sem rakið hefur verið. Samkvæmt

efni veðskuldabréfa þessara hafði stefnandi og Rúnar Finnbogason skuldbundið sig til að greiða fjárhæðir þeirra, en ekki var stefnda getið í veðskuldabréfunum, og ekki hafði hann gagnvart eiganda þeirra ábyrgst greiðslu þeirra með áritun sinni eða öðrum hætti. Verður því ekki litið svo á, að krafa sú, sem stefnandi eigi á hendur stefnda, lúti ákvæðum 4. gr., sbr. 5. gr. fyrningarlaga eða 4 t. 3. gr. þeirra. Verður hins vegar að telja, að krafa sú, sem stefnandi hefur átt á hendur stefnda, sé fyrnd samkvæmt 1. t. 3. gr. fyrningarlaga, en fjárhæðir veðskuldabréfanna skyldu greiddast 22. október 1962 og 22. október 1963.

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir öllum atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnbjörn Jónsson, skal verða sýkn af kröfum stefnanda, Ásgeirs Einarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1978.

Nr. 96/1978. **Haraldur Jóhannsson**  
 gegn  
**Fasteignatorginu.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haraldur Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.